Viðhorf foreldra á Akureyri til daggæslu í heimahúsum

Trausti Þorsteinsson

Háskólinn á Akureyri

Miðstöð skólaþróunar

2011

Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður 3
Inngangur 4
Daggæsla 5
Daggæsla í heimahúsum á Akureyri 5
Samskipti og skyldur 6
Eftirlit af hálfu bæjarfélagsins 7
Niðurstöður könnunar 8
Val á dagforeldri 8
Upplýsingar af hálfu dagforeldris 10
Þjónusta dagforeldris 11
Árekstrar 14
Eftirlit af hálfu bæjarins og upplýsingagjöf 16
Dagforeldri – leikskóli 18
Athugsemdir frá foreldrum 20
Samantekt 23
Heimildir 25

Myndir

Mynd 1: Upplýsingar um dagforeldra 8
Mynd 2: Ráðandi við val á dagforeldri..... 9
Mynd 3: Þjónustukaup af dagforeldri..... 9
Mynd 4: Samningur við dagforeldri..... 10
Mynd 5: Upplýsingagjöf dagforeldris. 10
Mynd 6: Þjónusta dagforeldris. 11
Mynd 7: Ánægjulegast við þjónustu dagforeldra. 11
Mynd 8: Fjölbreytni fæðis hjá dagforeldrum. 13
Mynd 9: Ánægja/óánægja barns í daggæslunni. 13
Mynd 10: Viðleitni dagforeldra til að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra..... 14
Mynd 11: Forföll meðal dagforeldra. 14
Mynd 12: Tengsl á afstöðu foreldra til forfalla dagforeldra og upplýsinga um greiðslur..... 15
Mynd 13: Athugasemdir við þjónustu dagforeldris..... 15
Mynd 14: Eftirlit af hálfu skóladeildar með dagforeldrum..... 16
Mynd 15: Notkun foreldra á upplýsingum um dagforeldra á vefsíðu Akureyrar. 17
Mynd 16: Afstaða foreldra til upplýsinga um dagforeldra á heimasíðu Akureyrar (N=105)..... 17
Mynd 17: Hvernig tími hjá dagforeldrum hentar foreldrum. 18
Mynd 18: Leikskóli í stað daggæslu. 18
Mynd 19: Tengsl á milli afstöðu foreldra til forfalla og hvort þau kysu að koma barni sínu á leikskóla í stað daggæslu..... 19
Mynd 20: Tengsl á milli afstöðu foreldra til tímans sem í boði er hjá dagforeldri og vals um leikskóla eða daggæslu..... 19
Mynd 21: Mikilvægir þættir við val á leikskóla..... 20

Töflur

Tafla 1: Samanburður á ánægjuþáttum í könnunum 2009 og 2010. 12

Helstu niðurstöður

- Foreldrum 172 barns var boðið að taka þátt í könnuninni. 126 svöruðu spurningalista eða 73,3%.
- Í meginatriðum virðist vel staðið að daggæslukerfinu af hálfu Akureyrarbæjar.
- Yfir 80% foreldra hefur nýtt sér upplýsingar af vef skóladeildar um dagforeldra. Niðurstöður benda einnig til þess að almennt finnist foreldrum upplýsingarnar ítarlegar.
- Ábendingum og ráðleggingum til foreldra og dagforeldra varðandi daggæslu í heimahúsum, sem komið er á framfæri af hálfu skóladeildar, virðist vera vel fylgt ýmist að frumkvæði dagforeldranna sjálfra eða að foreldrar leiti eftir því.
- Tiltölulega óalgengt er að ágreiningur verði milli foreldra og dagforeldra. Í þeim fáu tilfellum er upp komu tókst að greiða vel úr málum.
- Almennt virðast foreldrar mjög ánægðir með þjónustu dagforeldra.
- Þættir sem vekja mesta ánægju foreldra við þjónustu dagforeldra er framkoma dagforeldris og hvernig tekið er á móti barninu að morgni.
- Foreldrar segja að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir og væntingar þeirra.
- Talsvert ber á því að foreldrar kvarti undan því að vistunartími hjá dagforeldri bjóði ekki upp á nægilegan sveigjanleika í upphafi og lok dags.
- Forföll hjá dagforeldri geta verið nokkurt áhyggjuefni fyrir foreldra. Forföll koma niður á annarri bindingu foreldra, s.s. vinnu eða námi. Álykta má að dagforeldrar þurfi að standa betur að því að leita leiða til að draga úr óþægindum foreldra af völdum forfalla og að þeir séu vel upplýstir um hvernig staðið sé að greiðslum ef til forfalla kemur.
- Afstaða foreldra til þess að velja á milli leikskóla og daggæslu í heimahúsi fyrir barn sitt ræðst mjög af viðhorfi þeirra til þjónustu dagforeldra eða þeirri reynslu sem þeir telja sig hafa af þjónustukaupum af dagforeldri.

Inngangur

Samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 er starfsemi af þessu tagi leyfisskyld og bera sveitarfélög ábyrgð á því að höfð sé umsjón og eftirlit með starfsemi dagforeldra. Daggæsla felur í sér gæslu barna á tímabilinu frá kl. 7.00 til 19.00 á virkum dögum. Með heimahúsi er átt við íbúðarhúsnæði dagforeldra, þ.e. varanlegt húsnæði sem ætlað er til svefns, matar og daglegrar dvalar þeirra sem þar búa. Í undantekningartilvikum getur félagsmálanefnd/félagsmálaráð samþykkt að íbúðarhúsnæði sem sérstaklega er tekið á leigu undir daggæslu teljist heimahús enda aðbúnaður ekki lakari en ef um einkaheimili væri að ræða og að húsnæðið henti vel undir daggæslu.

Af hálfu Akureyrarbæjar er skóladeild falið að annast þetta hlutverk. Sem lið í eftirlitshlutverki sínu hefur skóladeild gert árlega frá árinu 2003 kannanir á viðhorfi foreldra sem nýta sér daggæslu í heimahúsum. Í þessum könnunum hefur verið reynt að svara eftirfarandi meginspurningu: *Hvernig uppfyllir daggæsla í heimahúsum á Akureyri ákvæði reglugerðar og hver er afstaða foreldra til þjónustunnar?* Markhópurinn eru foreldrar sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Megintilgangur rannsóknanna er að afla upplýsinga um framkvæmd daggæslunnar og viðhorf foreldra til þjónustunnar m.a. til að viðhafa virkt eftirlit og vinna að auknum gæðum og þróun á þjónustutilboðinu.

Miðstöðvar skólaþróunar HA tók að sér að hafa með höndum fyrirlagningu og úrvinnslu úr spurningalista og annaðist Trausti Þorsteinsson framkvæmd könnunarinnar. Spurningalisti frá 2010 var endurskoðaður og gerðar á honum smávægilegar breytingar. Listinn var settur upp í SurveyMonkey sem er vefforrit og gátu foreldrar svarað beint á veraldarvefnum. Sendur var tölvupóstur á alla foreldra sem eru með börn í daggæslu hjá dagforeldrum og þeir beðnir um að svara spurningalistanum. Ítrekun var send til foreldra á þeim tíma sem listinn var aðgengilegur á vef.

Spurningalistinn var þannig úr garði gerður að í honum fólust ákveðnir meginþræðir. Þessir þræðir lutu að því að velja dagforeldri og samskipti þeirra á milli, upplýsingum til foreldra af hálfu dagforeldris, þjónustu dagforeldris, árekstrum, eftirliti og upplýsingagjöf af hálfu bæjarins um daggæslu og viðhorf foreldra til leikskóla. Auk þessa gátu foreldrar komið á framfæri skilaboðum í opnum svarmöguleika. Spurningar voru settar fram í formi fullyrðinga sem svarendur áttu að taka afstöðu til með gefnum svarkostum (sjá fylgiskjal) og í ákveðnum spurningum var leitað opinna svara frá foreldrum.

Alls fengu foreldrar 172 barna boð um að svara listanum og var þeim send vefslóð að honum í tölvupósti. Könnunin var opin í mars–apríl 2011. 126 svör bárust eða frá 73,3% foreldrahópsins sem til var leitað sem er heldur hærra hlutfall en árið 2010.

Daggæsla

Daggæsla í heimahúsi er góð og uppbyggileg þar sem hún er rekin af umhyggju fyrir börnum. Börnin skipta mestu máli og dagforeldri ber að hlúa að andlegri og líkamlegri velferð þeirra í sem víðtækustum skilningi. Þetta á jafnt við fæðuval, leiki, leikföng, hreyfingu, útiveru, tilfinningalíf og félagslega líðan barns (reglugerð nr. 907/2005).

Lög um leikskóla nr. 90/2008 kveða á um þjónustu við börn undir skólaskyldualdri. Þar segir að leikskólinn sé fyrsta skólastigið í skólakerfinu og hann sé fyrir börn undir skólaskyldualdri. Í 4. grein laganna er kveðið á um að sveitarfélög hafi forystu um að tryggja börnum leikskóladvöl og bera ábyrgð á heildarskipan skólahalds í leikskólum sveitarfélagsins og framkvæmd leikskólastarfs í sveitarfélaginu. Í 26. grein laganna segir að sveitarstjórn sé heimilt að setja reglur um innritun í leikskóla. Þessar reglur skulu annars vegar settar með tilliti til aðstæðna barna og foreldra og hins vegar með tilliti til aðstæðna í leikskólum sveitarfélagsins. Samkvæmt lögunum afmarkast efri mörk skólagöngu í leikskóla við sex ára aldur þegar grunnskólaganga hefst en engin ákvæði eru um neðri aldursmörk, þ.e.a.s. við hvaða aldur leikskólagangan getur hafist. Á grundvelli 26. greinar laganna (lög nr. 90/2008) hafa langflest sveitarfélög hér á landi, þar á meðal Akureyrarbær sett mörkin um innritun í leikskóla við 18–24 mánaða aldur og leysa úr þjónustuþörf foreldra yngri barna með því að greiða niður kostnað hjá dagforeldrum. Hvort barn fær skólavist í leikskóla við 18 mánaða aldur ræðst af því hvenær pláss losna í leikskólanum. Vandi leikskólanna snýst um það að skólaganga í grunnskóla er ekki miðuð við afmælisdag barnanna og því losna plássin ekki fyrr en skóli hefst hjá þeim að hausti.

Daggæsla í heimahúsum lýtur reglugerð nr. 907/2005. Samkvæmt henni þá fellur daggæslan undir yfirstjórn félagsmálaráðherra en leikskólinn heyrir undir menntamálaráðuneyti. Félagsmálanefnd eða félagsmálaráð í hverju sveitarfélagi ber almenna ábyrgð á velferð barna í sveitarfélaginu og skal sjá til þess að aðbúnaði barna sé ekki áfátt. Starfsemi dagforeldra er leyfisskyld en félagsmálanefnd/-ráð annast leyfisveitingu á grundvelli reglugerðar auk þess sem sækja þarf um til heilbrigðisnefndar sem úthlutar starfsleyfum í samræmi við reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002 sé um að ræða daggæslu með sex börn eða fleiri.

Daggæsla í heimahúsum á Akureyri

Dagforeldrar eru sjálfstæðir verktakar og ákvörðun um vistun barns hjá dagforeldri er ætíð á ábyrgð foreldra. Til að fá starfsleyfi til daggæslu í heimahúsum þarf að uppfylla skilyrði reglugerðar. Akureyrarbær hefur falið skólanefnd að annast úthlutun leyfa til daggæslu og hafa með hendi eftirlit með starfseminni. Þó svo að daggæslan sé ekki hluti af leikskólaþjónustunni hefur þótt heppilegra að hafa þetta hvort tveggja á sömu hendi innan bæjarkerfisins með sama hætti og var þegar yfirstjórn leikskólanna heyrði undir félagsmálanefnd bæjarins og félagsmálastjóra. Eftir að leikskólarnir voru gerðir að fyrsta skólastiginu þótti heppilegra að færa málaflokkinn í umsjá skólanefndar og þá var daggæslan látin fylgja með. Sú gerð auðveldaði einnig það að veita dagforeldrum almenna uppeldisráðgjöf en í reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum (nr. 97/2005) segir að bæjarfélagið geti ráðið sérstakan umsjónaraðila sem hefur með höndum ráðgjöf og umsjón með daggæslunni. Hann skal að öðru jöfnu hafa sérþekkingu á uppeldi barna. Á skóladeild bæjarins starfa leikskólafulltrúar sem uppfylla þessi skilyrði og því þótti hentugt að fella þetta að starfsemi skóladeildar.

Þegar umsókn berst Akureyrarbæ um leyfi til að gerast dagforeldri er leitað til félagsráðgjafa á fjölskyldudeild um að taka fyrsta viðtal við umsækjanda og kanna m.a.hvort eitthvað sé í bakgrunni eða sögu einstaklingsins sem hamlar því að hann geti tekið að sér daggæslu í heimahúsi. Að því loknu annast félagsráðgjafinn og daggæsluráðgjafi á skóladeild úttekt á húsnæði umsækjanda m.t.t. daggæslu. Húsnæðið er skoðað með tilliti til staðsetningu leiksvæðis, stærð leiksvæðis og afmörkun þess, hættu í húsnæðinu o.s.frv. Eldvarnareftirlitið tekur út húsnæðið m.t.t. eldvarna og flóttaleiða. Umsækjandi er krafinn um gögn s.s. læknisvottorð fyrir alla fjölskyldumeðlimi, meðmælabréf frá fyrri vinnuveitanda, námskeiðsgögn o.s.frv. Umsækjandi skal í öllum tilvikum leggja fram sakavottorð. Sama á við um alla aðra heimilismenn 18 ára og eldri. Umsækjendur þurfa að kaupa tryggingu fyrir

barnahópinn sem hann hyggst annast ásamt því að ganga frá tryggingum og heilbrigðisvottorðum fyrir gæsludýr s.s. hunda og ketti ef þau eru á heimilinu (Skóladeild Akureyrar, e.d.).

Skilyrði fyrir veitingu leyfis í upphafi er að umsækjandi hafi sótt námskeið ætlað nýjum dagforeldrum eða hafa aðra menntun sem skólanefnd telur ígildi þessa námskeiðs. Sveitarfélög eru ábyrg fyrir því að slík námskeið séu haldin ýmist á þeirra eigin vegum ellegar annarra hæfra aðila. Félagsmálaráðuneytið leggur til námsgögn á þessum námskeiðum og samræmda námskrá fyrir allt landið. Undanfarin ár hafa námskeið fyrir verðandi dagforeldra verið haldin á Akureyri. Opið hefur verið öðrum sveitarfélögum í nágrenni að nýta sér námskeiðin og hafa þau verið sótt af einstaklingum frá Sauðárkróki, Húsavík og Dalvík. Daggæsluráðgjafi á Akureyri hefur annast skipulag námskeiðanna og ráðið kennara. Námskeiðin eru 70 tímar þar sem farið er yfir slys á börnum og fyrstu hjálp, meðferð slökkvibúnaðar, þroska barna, mataræði og næringu, veikindi og sóttvarnir, leiki, söng, hreyfingu o.s.frv. o.s.frv.

Standi námskeiðið umsækjendum ekki til boða þegar þeir hefja störf er þeim ráðlagt að taka skyndihjálparnámskeið og einu sinni á ári er haldið námskeið um eldvarnir, bæði fyrir nýja og eldri dagforeldra. Í þeim tilvikum sem umsækjandi hefur ekki tilskylda menntun getur sveitarfélagið hafnað umsókninni eða veitt umsækjanda bráðabirgðaleyfi til 6 mánaða í einu, eða fram að þeim tíma sem námskeið stendur umsækjanda til boða.

Allir dagforeldrar sem eru með daggæsluleyfi frá sveitarfélaginu hafa leyfisbréf. Ef leyfisbréfið er ekki sýnilegt foreldrum geta þeir óskað eftir að fá að sjá það og eru foreldrar hvattir til að leita eftir því (Skóladeild Akureyrar, e.d.). Á leyfisbréfinu kemur fram gildistími leyfis ásamt upplýsingum um fjölda barna sem leyfið gildir fyrir.

Akureyrarbær býður foreldrum og dagforeldrum upp á þríhliða þjónustusamning. Þessi samningur felur m.a. í sér að allir foreldrar greiða sama gjald fyrir gæslu, að hámarki 7 tíma virka daga. Til að fá niðurgreiddan daggæslukostnað þurfa foreldrar m.a. að hafa lögheimili á Akureyri og undirrita þjónustusamning við dagforeldra og Akureyrarbæ. Mikilvægt er að foreldrar kynni sér hvernig fyrirkomulag á endurgreiðslum er háttað í veikindum dagforeldra og barna þeirra eða í aukafríum dagforeldra. Of algengt er að þessi atriði séu á reiki og geta því valdið óþarfa misskilningi og jafnvel óánægju. Akureyrarbær hefur ekki samið við dagforeldra um niðurgreiðslur vegna veikindadaga né heldur vegna frídaga dagforeldra. Á mánaðarlegu yfirlitsblaði sem foreldrar kvitta á hjá dagforeldri er því mikilvægt að allar upplýsingar um fjarveru dagforelda séu réttar.

Leyfilegur barnafjöldi hjá dagforeldri er allt að fjórum börnum samtímis fyrsta árið. Að því loknu er heimilt að veita leyfi fyrir einu barni til viðbótar. Þó þannig að eigi skulu vera á heimilinu fleiri en tvö börn undir eins árs aldri að jafnaði. Skörun á tímum barna í daggæslu er ekki heimilaður, nema milli kl. 12 og 13 á daginn.

Samskipti og skyldur

Þegar foreldrar velja dagforeldri er mikilvægt að haft sé í huga að þeir eru að kaupa þjónustu og gera kröfur um gæði. Á heimasíðu skóladeildar Akureyrarbæjar eru leiðbeiningar til foreldra um hvað þeir þurfa að hafa í huga þegar dagforeldri er valið. Fullt traust milli foreldra og dagforeldris er nauðsynlegt til að gæslan gangi vel og allir séu sáttir. Í því sambandi þarf að fara með allar upplýsingar sem dagforeldri fær um hag barns og einkahagi foreldranna sem trúnaðarmál. Ef foreldrum finnst eitthvað betur mega fara ber þeim að ræða það við dagforeldrið án tafar. Ef aðilum tekst ekki að leysa málið geta foreldrar snúið sér til daggæsluráðgjafa.

Áður en gæsla hefst er nauðsynlegt að dagforeldri fari yfir með foreldri hver sé ábyrgð hvors aðila um sig meðan á gæslunni stendur. Dagforeldri þarf að fá greinargóðar upplýsingar um barnið og ákveða aðlögunartíma og gæslutíma í samráði við foreldri. Foreldrar eiga að fá að skoða aðstæður inni sem úti og upplýsingar um hvernig dagforeldrið hagar starfi sínu. Skal dagforeldri gera foreldrum grein fyrir aðstæðum á heimilinu sem geta haft áhrif á líðan barns (Reglugerð um daggæslu í heimahúsum nr. 907/2005).

Aðlögun barns hjá dagforeldrinu getur skipt sköpum og hana þarf að miða við þarfir barnsins. Barnið er að fara úr aðstæðum sem það þekkir og er öruggt í og þurfa að deila athyglinni með allt að

fjórum öðrum börnum. Það er því mjög eðlilegt að börnin bregðist misjafnlega við. Sum eru mjög ósátt til að byrja með og mótmæla látlaust meðan önnur una glöð við sitt. Það getur að sjálfsögðu verið misjafnt hversu langan tíma aðlögunin tekur.

Samkvæmt reglugerð (nr. 907/2005) er dagforeldri skylt að stuðla að öryggi barna í hvívetna. Aldrei má skilja börn í daggæslu eftir eftirlitslaus. Geti dagforeldri af einhverjum ástæðum ekki unnið að daggæslunni þarf að tilkynna það foreldrum þegar í stað en foreldrar bera ábyrgð á barni þann tíma sem dagforeldri getur ekki sinnt starfi sínu.

Eftirlit af hálfu bæjarfélagsins

Dagforeldrar lúta eftirliti af hálfu sveitarfélagsins. Sérstakur eftirlitsaðili fer þrisvar sinnum á ári í óboðaðar heimsóknir á heimili dagforeldris og kannar aðstæður hverju sinni. Þá kannar hann ástand öryggismála, hver fjöldi barna er í gæslu og hvort dagforeldrar séu með gildar slysatryggingar fyrir börnin (Akureyrarbær, e.d.). Auk þessa skila dagforeldrar til skóladeildar yfirliti Í hverjum mánuði yfir þau börn sem eru í umsjá þeirra, með staðfestingu foreldra. Með undirskrift sinni eru foreldrar að staðfesta umsaminn dvalartíma og/eða forföll dagforeldra í mánuðinum. Mánaðarleg skil þessa lista ásamt þríhliða þjónustusamningi eða samþykktri niðurgreiðslubeiðni er forsenda þess að niðurgreiðsla sé veitt (Akureyrarbær, e.d.). Eftirlit er einnig í höndum dagforeldra og foreldra. Dagforeldri ber að sjá til þess að allur aðbúnaður sé í samræmi við lög og reglugerðir en verði foreldrar varir við að umönnun og aðbúnaði barnsins sé ábótavant er þeim skylt að tilkynna það umsjónaraðila / daggæslufulltrúa sbr. reglugerð um daggæslu barna í heimahúsi nr. 907/2005

Skóladeild Akureyrar annast fræðslu og ráðgjöf til dagforeldra. Ráðgjöf og stuðningur til dagforeldra er í formi samtala, heimsókna og fræðslu. Daggæslufulltrúi heimsækir hvert dagforeldri a.m.k. einu sinni á ári. Einnig hafa dagforeldrar aðgang að daggæslufulltrúa með viðtölum og símtölum. Foreldrar hafa aðgang að daggæslufulltrúa með viðtölum og símtölum ásamt því sem félög dagforeldra og / eða einstakir dagforeldrar og foreldrar hafa fundað með daggæslufulltrúa til að hann geti kynnt starf sitt og eftirlitshlutverk bæjarins (Akureyrarbær, e.d.).

Niðurstöður könnunar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir niðurstöðum úr svörum við spurningum í spurningalista. Niðurstöðum er skipt í undirkafla er lúta að vali á dagforeldri, upplýsingum af hálfu dagforeldris, mati á þjónustu dagforeldris, ágreiningsmálum, upplýsingum og eftirliti skóladeildar og loks afstaða til leikskóla.

Tölvupóstur var sendur út til 172 foreldra og þeir beðnir um að svara veflægum spurningalista. Alls tóku 126 foreldrar þátt í könnuninni (73,3%) og eru hlutfallstölur allar reiknaðar út frá því. Í fjórum tilfellum svöruðu feður listanum og í 121 tilfelli móðir. Helmingur foreldrahópsins sem svaraði spurningalistanum var yfir 30 ára aldri, 40 (31,7%) voru á aldrinum 26–30 ára og 21 (16,7%) á aldrinum 20–25 ára. Eitt foreldri var undir þessum aldursmörkum og eitt foreldri svaraði ekki til um aldur sinn.

Val á dagforeldri

Leitað var eftir því við foreldra hvar þeir hefðu aflað sér upplýsinga um dagforeldra þegar kom að því að leita að daggæslu (Mynd 1).



Mynd 1: Upplýsingar um dagforeldra

Flestir foreldranna sóttu upplýsingar um dagforeldra af vef Akureyrarbæjar en allmargir kváðust hafa fengið upplýsingar annars staðar frá eða aflað upplýsinga með öðrum hætti. Niðurstaðan er með mjög svipuðum hætti og birtist í sambærilegri könnun 2010.

Þeir þættir sem skipta foreldra mestu máli við val á dagforeldri virðast lúta að viðmóti og persónuleika dagforeldris svo og orðspori þeirra (Mynd 2).



Mynd 2: Ráðandi við val á dagforeldri.

78,6% foreldra segja viðmót og persónuleika dagforeldris svo og orðspor ráða mestu máli við val á dagforeldri. Mun minna máli virðist skipta staðsetning dagforeldris eða vinnutími þess. Þar sem foreldrar höfðu einungis val um einn svarkost kusu foreldrar gjarnan í athugsemdum að tilgreina annan svarkost og nefndu þá flestir orðsporið og að þeir hefðu þekkt til viðkomandi dagforeldris.

Leitað var upplýsinga hjá foreldrum um það hvort þeir hefðu kannað hvort dagforeldri væri með gilt starfsleyfi, hvort viðkomandi hefði heimsótt dagforeldrið til að kanna aðstæður og hvort viðkomandi þekkti persónulega dagforeldrið sem hann valdi (Mynd 3).



Mynd 3: Þjónustukaup af dagforeldri.

Flestir foreldranna kváðust hafa kannað starfsleyfi dagforeldris áður en til vistunar kom, en þriðjungur þeirra kvaðst ekki hafa gert það. Langflestir, eða yfir 90% foreldra, heimsóttu dagforeldrið til að kanna aðstæður áður en þeir staðfestu pláss barnsins hjá því. Innan við fjórðungur foreldra sagðist hafa þekkt dagforeldrið persónulega sem þeir völdu barni sínu.

Upplýsingar af hálfu dagforeldris

Af hálfu skóladeildar Akureyrarbæjar er foreldrum bent á að kynna sér vel samningsform milli dagforeldra og foreldra, sem kveða á um ýmis réttindi og skyldur dagforeldra (Mynd 4).



Mynd 4: Samningur við dagforeldri.

Á mynd 4 má sjá að heldur færri foreldrar segjast hafa gert samning við dagforeldri (78,6%) en kváðust hafa gert það í könnun sem gerð var 2010 og munar 5 prósentustigum. Nánast allir segjast halda eftir afriti af samningi. Árið 2009 sögðust 95% foreldra hafa gert samning við dagforeldra og 90% hafa fengið afrit af dvalarsamningi. Því virðist áhersla á samningagerð milli foreldra og dagforeldra minnka frá ári til árs.

Stærstur meirihluti foreldra segist hafa fengið upplýsingar um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun. Jafnframt segjast flestir dagforeldrar hafa leiðbeint þeim og kynnt þeim reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsi (Mynd 5).



Mynd 5: Upplýsingagjöf dagforeldris.

Þeir foreldrar sem ekki kváðust hafa fengið kynningu á reglum og samþykktum um daggæslu hjá dagforeldri voru spurðir um hvar þeir hefðu kynnt sér þessar reglur. Nær allir er svöruðu kváðust hafa kynnt sér þær á vef Akureyrarbæjar eða aflað upplýsinga á skóladeild. Árið 2010 kváðu 75,8%

foreldra að dagforeldri barnsins þess hefði leiðbeint sér og kynnt sér reglur og samþykktir um dagæslu í heimahúsi. Því virðist draga nokkuð úr áherslu dagforeldra á þennan þátt í samskiptum við foreldra því árið 2009 var þetta hlutfall enn hærra en þá kváðust 85% foreldra sig fá þessa kynningu.

Þjónusta dagforeldris

Ánægja virðist vera meðal foreldra með þjónustu dagforeldris (Mynd 6).



Mynd 6: Þjónusta dagforeldris.

92% foreldra er þátt tóku segjast mjög eða frekar ánægð með þjónustu dagforeldris barnsins síns. Ef bornar eru saman kannanir síðustu ára er ekki að sjá miklar breytingar á afstöðu foreldra.

Foreldrar voru beðnir um að greina frá hvað það væri sérstaklega sem þeir væru ánægðir með og voru gefnir upp 9 möguleikar. Gátu foreldrar merkt við fleiri en einn þátt en auk þess gátu þeir tilgreint aðra þætti sem þeim fannst mikilvægir og ekki komu fram í svarmöguleikum (Mynd 7).



Mynd 7: Ánægjulegast við þjónustu dagforeldra.

Þeir þættir sem foreldrar meta mest er framkoma dagforeldris og hvernig tekið er á móti barninu að morgni en sjá má að yfir 80% foreldra eru ánægðir með þá þætti. Aðrir þættir í þjónustu dagforeldra

eru ekki jafn oft tilgreindir. Framsetning spurningarinnar gefur hins vegar ekki tilefni til að álykta svo að foreldrar séu óánægðir með þá. Líklegt er að þeir tilgreini einungis þá þætti sem þeir eru ánægðastir með eins og fram kemur í athugasemd frá foreldri:

Ég er í raun ánægð með allt en ákvað að velja þessa tvo möguleika sem standa upp úr.

Litlu lægra hlutfall foreldra nefnir svo samskipti við foreldra og upplýsingamiðlun (68%). Það sem foreldrar tóku fram undir liðnum annað laut fyrst og fremst að almennri ánægju með dagforeldrið. Til dæmis um svör foreldra eru setningar eins og:

Alltaf jákvætt viðmót, hafa ekkert nema gott að segja um barnið mitt, jákvæðni og börnin alltaf ánægð þegar við komum. Barnið mitt mjög ánægt.– Umhyggja dagforeldris gagnvart börnum í vistun – frábært viðmót – Hún er bara frábær í alla staði – Dagforeldrarnir eru bæði dásamleg – öryggi, þ,e, mér finnst barnið mitt vera öruggt – liðlegheit dagforeldris – barnið alltaf glatt hjá dagmóður – barninu líkar mjög vel við dagforeldrið og það skiptir öllu máli. – Allt frábært nema vinnutíminn – Dagmóðir með barn á leikskóla þannig að hún getur ekki boðið upp á vistunartíma nema frá 8 til 16, ég vinn frá 8 til 16 og þarf því að komast á sömu mín. frá dagmóður til vinnu.

Ef þessi niðurstaða er borin saman við könnun frá 2009 og 2010 kemur í ljós mjög svipað mynstur en þó eru ákveðin atriði frábrugðin afstöðu foreldra þá (Tafla 1).

Tafla 1: Samanburður á ánægjuþáttum í könnunum 2009 og 2010.

Þættir	2009	2010	2011	M
Aðstaða inni	64%	59%	56%	60%
Aðstaða úti	60%	60%	49%	56%
Fæði	66%	63%	65%	65%
Dagskipulag	58%	59%	56%	58%
Staðsetning	52%	51%	42%	48%
Samskipti við foreldra/upplýsingamiðlun	65%	68%	64%	66%
Framkomu dagforeldris	86%	79%	83%	83%
Aðlögun barns	64%	59%	64%	62%
Hvernig tekið er á móti barninu að morgni	82%	79%	82%	81%

Hlutfallslega færri nefna árið 2011 að þeir séu ánægðir með aðstöðuna inni en árin á undan. Hið sama á við um þætti eins og aðstöðu úti, dagskipulag og staðsetningu og reyndar lækkar hlutfall foreldra sem eru ánægðir með aðstöðuna úti um ellefu prósentustig. Sé afstaða foreldra árið 2011 borin saman við meðaltal áranna þriggja birtist sama mynstrið að foreldrar sjá minni ástæðu nú til að nefna ánægju með aðstöðu inni og úti, dagskipulag, staðsetningu og samskipti við foreldra/upplýsingamiðlun. Einn þáttanna lækkar ár frá ári en það er aðstaðan inni. Aðrir þættir rokka til upp og niður á milli ára.

Leitað var upplýsinga frá foreldrum um afstöðu til þess fæðis sem börnum þeirra stæði til boða hjá dagforeldrum (Mynd 8).



Mynd 8: Fjölbreytni fæðis hjá dagforeldrum.

Ekki verður annað séð en að foreldrar séu almennt sammála því að fæði sem börnunum stendur til boða sé fjölbreytt. Yfir 92% foreldra er mjög eða frekar sammála því að dagforeldri bjóði barni þeirra upp á fjölbreytt fæði. Aðeins 31% foreldra er frekar ósammála því að svo sé en tæp 5% segjast ekki vita eða svara ekki. Mun meiri ánægju gætir með þennan þátt nú en í könnun frá 2010 en þá sögðust 86% foreldra sammála því að börnunum stæði til boða fjölbreytt fæði hjá dagforeldrum.

Langflestir foreldrar er þátt tóku í könnuninni álíta að barn þess sé ánægt í daggæslunni (Mynd 9).



Mynd 9: Ánægja/óánægja barns í daggæslunni.

Aðeins eitt foreldri kvað barn sitt mjög óánægt en fjórir kváðust ekki vita eða svöruðu ekki spurningunni. Fleiri foreldrar segja börn sín ánægð í daggæslunni nú en árið 2010 og munar um sex prósentustigum. Svipaða sögu er að segja um afstöðu foreldra til fullyrðingarinnar að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir þeirra og væntingar (Mynd 10).



Mynd 10: Viðleitni dagforeldra til að koma til móts við þarfir og væntingar foreldra.

Tæp 90% foreldra segja að dagforeldrar leggi sig mjög mikið eða frekar mikið fram um að koma til móts við þarfir foreldra og væntingar. Afstaða foreldra að þessu leyti er mjög sambærileg við árið 2010 en þá kváðu 95% foreldra dagforeldra leggja sig fram um að koma til móts við þá. Heldur fleiri nú segjast ekki vita en árið 2010.

Árekstrar

Tíu foreldrar kváðu að ágreiningur hefði komið upp á milli þeirra og dagforeldra. Átta svöruðu því til að mjög vel eða vel hefði gengið að greiða úr þeim málum en tveir sæmilega eða illa.

Forföll dagforeldra geta verið vandamál fyrir foreldra vegna atvinnu þeirra eða áforma. (Mynd 11).



Mynd 11: Forföll meðal dagforeldra.

Þótt flestir foreldrar (62%) segi að forföll dagforeldra hafi aldrei komið sér illa fyrir það er lítill hópur (9%) sem segir að það gerist mjög oft og liðlega fjórða hvert foreldri (29%) segir að það gerist en gerist sjaldan. Erfitt er að bera saman niðurstöður nú við fyrri kannanir þar sem form spurningar-innar er svolítið annað en hin fyrr ár. Niðurstöður benda hins vegar til að vandinn sé vissulega til staðar eins og hin fyrri ár.

Ef tengsl á milli afstöðu foreldra til forfalla dagforeldra og þess hvort þau segja að dagforeldrið hafi upplýst þau um greiðslur vegna forfalla kemur í ljós að þau eru marktæk (p<0,05) (Mynd 12).



Mynd 12: Tengsl á afstöðu foreldra til forfalla dagforeldra og upplýsinga um greiðslur.

Á myndinni má sjá að þeir sem segja að forföll dagforeldra komi sér oft mjög illa fyrir þá segja jafnframt að þeir hafi ekki verið upplýstir af hálfu dagforeldris um greiðslur vegna forfalla. Þeir sem segja að það komi aldrei fyrir að forföll komi sér illa fyrir þá eru sístir til að halda því fram að þeir hafi ekki verið upplýstir um greiðslur vegna forfalla dagforeldris.

Almennt virðast foreldrar vel meðvitaðir um hvert þeir eiga að leita ef þeir hafa athugsemdir við þjónustu dagforeldris en fæstir hafa nýtt sér það að koma á framfæri athugasemdum vegna þjónustunnar (Mynd 13).



Mynd 13: Athugasemdir við þjónustu dagforeldris.

Langflestir foreldra (85,7%) segjast vita hvert þeir eigi að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris en lítill hópur (12.7%) segist ekki vita þetta. Þetta eru örlítið aðrar tölur en birtust í sambærilegri könnun árið 2010 en þá töldu 92,7% þátttakenda sig vita hvert ætti að leita með athugasemdir við þjónustu dagforeldris en 7,3% vissu ekki. 4% foreldra hafa komið á framfæri athugasemdum til fjölskyldu- eða skóladeildar Akureyrar vegna þjónustu dagforeldris en 94% kváðust

ekki hafa gert það. Þetta eru mjög sambærilegar niðurstöður og í könnun 2010 og virðist niðurstaðan í samræmi við almenna ánægju með þjónustu dagforeldra. Því má álykta að foreldrar hafi ekki haft ástæðu til að koma athugsemdum á framfæri við yfirvöld málaflokksins hjá bænum.

Eftirlit af hálfu bæjarins og upplýsingagjöf

Dagforeldrar lúta ákveðnu eftirliti af hálfu bæjaryfirvalda og sækja þangað starfsheimild sína. Ríflega helmingur svarenda eða 74 foreldrar (58,7%) segjast vita hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum er háttað en 51 (40,4%) foreldri segjast ekki vita það. Þeir sem svöruðu því til að þeir þekktu til þess voru beðnir um að meta hvað þeim fyndist um eftirlitið (Mynd 14).



Mynd 14: Eftirlit af hálfu skóladeildar með dagforeldrum.

Tæp 10% af þeim 74 foreldrum sem sögðust vita hvernig eftirliti bæjarins með dagforeldrum væri háttað sögðu það vera fullnægjandi og liðlega 51% sagði það gott. Tæpur þriðjungur foreldra segir eftirlitið sæmilegt en 8% að það sé ófullnægjandi. Heldur fleiri lögðu mat á eftirlit Akureyrarbæjar með dagforeldrum árið 2010 eða tæp 64% svarenda. Breyting á spurningaformi nú kann að skýra þennan mun án þess að hægt sé að fullyrða það. Af þeim sem þá tóku afstöðu sögðu 37% að eftirlitið væri mjög gott og 42% að það væri gott. Svarmöguleikarnir voru ekki alveg þeir sömu en þeir sem þá töldu eftirlitið mjög gott eða gott voru 79% sem er nokkuð lægra hlutfall en þeirra sem svara nú fullnægjandi eða gott (61%). Árið 2010 sögðu 12,1% foreldra eftirlitið sæmilegt og 1,6% slæmt. Eins og sjá má þá er talsverður munur á afstöðu foreldra nú og þá.

Á heimasíðu Akureyrarbæjar er að finna ýmsar upplýsingar frá daggæsluráðgjafa um dagforeldra. Í spurningalista var spurt hvort foreldrar hefðu nýtt sér þessar upplýsingar (Mynd 15).



Mynd 15: Notkun foreldra á upplýsingum um dagforeldra á vefsíðu Akureyrar.

Af þeim 126 er svöruðu spurningalistanum kváðust um 82% þeirra hafa nýtt sér þessar upplýsingar en 17% sögðust ekki hafa gert það en þetta er nánast sama niðurstaða og fékkst við sambærilegri spurningu í könnun 2010.

Þeir sem kváðust hafa nýtt sér upplýsingarnar voru beðnir um að taka afstöðu til þess hversu ítarlegar þeim fyndist þær vera (Mynd 16).



Mynd 16: Afstaða foreldra til upplýsinga um dagforeldra á heimasíðu Akureyrar (N=105).

Almennt virðast foreldrar ánægðir með þær upplýsingar sem á síðuna er hægt að sækja. Rúm 68% segja upplýsingarnar mjög ítarlegar eða ítarlegar og fimmtungur segir þær fábreyttar eða mjög fábreyttar en 10% gátu ekki lagt mat á gildi upplýsingasíðunnar. Tólf þeirra sem kváðust ekki hafa leitað upplýsinga um dagforeldra á vef Akureyrar svöruðu því til að þeir vissu ekki af upplýsingunum og 7 kváðu þægilegar að leita upplýsinga með öðrum hætti. Afstaða foreldra til heimasíðunnar er mjög sambærileg og fram kom í könnuninni 2010.

Foreldrar virðast almennt sáttir við þann tíma sem þeir fá fyrir börn sín hjá dagforeldrum. Aðspurðir um hversu vel eða illa tímarnir sem þeir keyptu hjá dagforeldri hentuðu þeim kom í ljós að tæplega 89% foreldra sögðu hann henta vel (Mynd 17).



Mynd 17: Hvernig tími hjá dagforeldrum hentar foreldrum.

Þessi afstaða foreldra er mjög sambærileg og fram kom 2010. Eins og þá kvarta foreldrar helst yfir því að hafa ekki meiri sveigjanleika að morgni og að kvöldi varðandi vistunartíma. Sjálfir þurfi þeir að mæta í vinnu kl. 8:00 og þar sem dagforeldri taki ekki við börnum fyrr en kl. 8:00 komi það niður á vinnutíma þeirra. Á sama hátt sé þeim erfitt að stökkva úr vinnu fyrir vinnulok til að ná í börn í daggæsluna.

Dagforeldri – leikskóli

Afstaða foreldra til þess hvort þeir hefðu kosið að koma barni sínu í leikskóla fremur en í daggæslu hjá dagforeldri skiptist nokkuð til helminga (Mynd 18).



Mynd 18: Leikskóli í stað daggæslu.

Af þeim 124 sem þátt tóku í könnuninni svöruðu um 51% þeirra því játandi að þeir hefðu kosið leikskóla en 47% foreldra kváðust ekki hefðu gert það. Af niðurstöðum þriggja kannana árin 2009–2011 kemur í ljós æ meiri vilji foreldra til að koma börnum sínum í leikskóla fremur en í daggæslu til

dagforeldris. Árið 2009 játtu 32% foreldra því að þeir hefðu fremur kosið leikskóla, 2010 var hlutfall þeirra 40% en nú 51%. Ef borin er saman afstaða foreldra til leikskóla í stað daggæslu fyrir barnið og hvort foreldrar teldu sig hafa orðið fyrir vandræðum vegna forfalla dagforeldris má sjá að marktæk tengsl (p<0,05) eru í afstöðu til þessara tveggja spurninga (Mynd 19).



Mynd 19: Tengsl á milli afstöðu foreldra til forfalla og hvort þau kysu að koma barni sínu á leikskóla í stað daggæslu.

Allir þeir sem svara því til að þeir hefðu mjög oft lent í vandræðum vegna forfalla dagforeldris segjast mundu hafa kosið leikskóla í stað daggæslu í heimahúsi hefði leikskóli staðið til boða. Tveir þriðju þeirra sem sögðust hafa lent í vandræðum en þó sjaldan segjast hefðu kosið leikskóla fremur en daggæslu. Þeir sem segjast aldrei hafa lent í vandræðum vegna forfalla dagforeldris segjast mun síður hafa valið sér leikskóla en daggæslu.

Svipaða sögu er að segja af tengslum (p<0,05) á milli afstöðu foreldra til tímans sem í boði er hjá dagforeldri og afstöðu þeirra til þess hvort þau hefðu kosið leikskóla fremur en daggæslu fyrir barnið sitt (Mynd 20).



Mynd 20: Tengsl á milli afstöðu foreldra til tímans sem í boði er hjá dagforeldri og vals um leikskóla eða daggæslu.

Sama mynstrið birtist í mynd 20 og í mynd 19. Þeir sem minnsta ástæðu hafa til að kvarta undan þjónustu dagforeldra kjósa síður að velja leikskóla fremur en daggæslu í heimahúsi fyrir barnið sitt.

Allir þeir sem segja að tíminn henti þeim mjög illa segja að þeir kysu leikskóla fremur en daggæslu í heimahúsi og eru tengslin á milli breytanna tveggja mjög línuleg.

Í könnuninni var leitað upplýsinga um hvað skipti máli fyrir foreldra þegar kæmi að því að velja um leikskóla fyrir barn þeirra. 95% foreldra kváðust myndu vilja eiga þess kost að heimsækja leikskólann sem þeir hygðust velja áður en þeir sæktu um. 4% foreldra lögðu enga áherslu á það. Foreldrar voru síðan beðnir um að taka afstöðu til þess hvort staðsetning, stefna og starfshættir og orðspor leikskólans væru þættir sem skiptu máli þegar leikskóli væri valinn fyrir börnin (Mynd 21).



Mynd 21: Mikilvægir þættir við val á leikskóla.

Ljóst er af niðurstöðum að foreldrar leggja mesta áherslu á orðspor leikskólans en 94% segja að það skipti máli við val á leikskóla. Þá skiptir það foreldra einnig máli að leikskóli sé staðsettur nærri heimili barnsins (86%) en 13% foreldra gera minna úr því. Þótt stefna og starfshættir leikskóla virðist vega þungt við val á leikskóla (80%) virðast foreldrar síður hafa áhyggjur af þeim þætti.

Athugsemdir frá foreldrum

Í lok könnunarinnar var foreldrum boðið upp á að tjá sig um annað sem þeir vildu koma á framfæri. 37 foreldrar nýttu þennan kost. Flestar athugasemdirnar vörðuðu leikskólann svo og vistunartíma hjá dagforeldrum og samskipti. Foreldrar voru gagnrýnir á að leikskólinn tæki ekki við yngri börnum en við tveggja ára aldurinn og skorti á meiri sveigjanleika við innritun barna. Dæmi um athugasemdir af þessu tagi:

> Ég skora á Akureyrarbæ að lengja vistunartíma leikskóla á Akureyri, þó ekki væri nema til 16,30 (+15mín). Auðvelt ætti að vera að fá úr því skorið hversu mikil eftirspurn er eftir lengri vistunartíma með sambærilegri könnun og þessari.

> Ég á nú þegar annað barn á leikskóla og það myndi einfalda mér margfalt að komast í vinnu á morgnana að þurfa ekki að fara á 2 staði með börnin á 15 mín og koma mér í vinnu á réttum tíma, ég get ekki beðið eftir því að seinna barnið mitt komist í leikskóla til að létta undir með mér.. ég hafði samband við skóladeildina og sagði þeim það og bað um hvort væri hægt að setja yngrabarnið ofar á biðlistann svo hún komist sem fyrst inn á leikskólann.

> Finnst að það ætti að hætta með dagmæðrakerfið og koma upp ungbarnaleikskólum. Betra eftirlit, minna um forföll og meiri fjölbreytileiki Er ekki ánægð með að barnið mitt sé fyrst kannski að komast inn í leikskóla nú í vor þá orðinn tveggja ára og á eldra systkini á leikskóla....enginn forgangur í gangi....og ég tel að leikskólar eigi að taka inn 18 mánaða börn þá þurfa þau orðið meiri örvun.

> Ég er almennt ánægð með dagmóður barnsins míns. Að því sögðu vil ég taka fram að mér finnst hugmyndin um dagmæður úrelt. Mér finnst að börnin eigi að fara beint á leikskóla, það er langtum öruggara. Hvað gerist ef að dagmóðir lendir í óhappi eða fær heilablóðfall td? Þá eru 5 lítil kríli sem geta sér enga björg veitt. Ég veit að í

Sandgerði er þessu háttað þannig að börnin komast inn á "kópadeild" við 12 mánaða aldur og myndi ég vilja að þannig væri þetta allstaðar, helst frá 6 mánaða aldri, fyrir þá foreldra sem hafa ekki kost á því að geta verið lengur heima með barnið sitt.

ég er afskaplega ánægð með dagforeldri barnsins míns. en leikskóli hentar betur uppá veikindi, þar sem barnið getur farið á leikskólann þó starfsmaður sé veikur og einnig hentar það betur fjárhagslega. Það er að mínu mati frekar fáránlegt að niðurgreiða bara 7 tíma í daggæslu þar sem fæstir foreldrar vinna minna en 8 tíma vinnudag.

Ég myndi vilja sjá börnin fara fyrr inn á leikskólann þar sem að ég sá mikinn mun á mínu eldra barni eftir að það fékk aukna örvun á leikskólanum. Auk þess að mér finnst vera meira öryggi á leikskóla heldur en í heimahúsi þar sem að dagmömmur eru oftast einar og ef eitthvað kemur upp á hjá dagmömmunni þá er ekkert til að tryggja öryggi barnanna.

Núna er stelpan mín rúmlega 2 ára og er ekki ennþá komin inn á leiksskóla og það er til skammar þetta ástand!

Er óánægð með að það sé einungis einn leiksóli í okkar skólahverfi (Brekkuskóli). Myndi gjarnan vilja að barnið færi í leiksóla í sínu hverfi en Hólmasól getur varla tekið við öllum börnunum í hverfinu auk þess sem hann er mjög sérhæfður.

Það vantar annan leikskóla í Naustahverfi - óviðunandi að tveggja og hálfsársgamalt barn sé enn á biðlista þar þegar eldra systkini er í skólanum beint á móti.

ég held að allir leikskólar á Akureyri séu að sinna sínu og í þeim sé skólastarfið til fyrirmyndar og tel því staðsetninguna skipta öllu máli. Finnst skelfilegt að þurfa að keyra bæinn á enda eftir leikskólaplássi þegar það er leikskóli í næstu götu við mig! Sniðugt að gera svona könnun og ég vona að hún sé gerð með tilgangi og verð nýtt - sama hver svörin eru

Sem foreldri fyrsta barns hefði ég viljað fá leikskólakynningu svipaða grunnskólakynningum fyrir foreldra barna sem eru að byrja í skóla. Það myndi gera val aðgengilegra fyrir mig sem foreldri með enga reynslu af leikskólum en að skoða heimasíður viðkomandi leikskóla.

Ég vil benda á það að breytinga er þörf hvað varðar að skila inn uppsögn elstu barna á leikskólum svo að fólk viti fyrr hvenær það kemst með börnin inn og líka í hvaða leikskóla þau fái pláss, hversu seint þetta kemur í ljós kemur sér afar illa fyrir sjálfstætt starfandi foreldra og foreldra sem reka fyrirtæki, mér finnst að þetta eigin að koma í ljós eigi síðar enn 1. mars. Að öðru leyti er ég mjög sátt við mitt dagforeldri og þá þjónustu sem þau veita.

Mér finnst umsóknir um leikskólapláss þurfa að vera ítarlegri, val á fleiri en 2 í boði og eins mikilvægt að foreldrar eigi auðveldara með að velja og hafa plássum sem eru í boði. Leikskólar Akureyrar þurfa að bæta upplýsingaflæði á heimasíðum og gera námskrá skólans sýnilegri. Mínir dagforeldrar eru í húsnæði á gæsluvelli og mér líkar það mjög vel, það veitir mér öryggi að vita að umhverfið sem barnið mitt er í er sérstaklega ætlað ungu barni og ekki eru miklar líkur á að gæslan trufli heimilislíf dagforeldri ef eitthvað kemur uppá.

Slæm að við foreldrar getum ekki fengið að vita í hvaða leikskóla barnið kemst í fyrr en í apríl/byrjun maí. Gott að vita það í lok janúar í síðasta lagi. Við sem foreldrar getum ekki beðið um sumarfrí í ár vegna þess að þetta er ekki komið á hreint,ÞETTA FYRIRKOMULAG ER MJÖG SLÆMT. Ég hringdi niður á skóladeild og talaði við konu þar, að sjálfsögðu gat hún ekkert sagt mér um málið, en ég vil koma því til skila að það er í lagi að vera kurteis við foreldra sem hringja, það var hún svo sannarlega ekki.

Þetta með leikskólana er einfaldlega til skammar. Núna er dóttir mín að verða tveggja ára í næsta mánuði, búin að vera í heilt ár hjá dagforeldrum og það er farið að þurfa nýtt umhverfi og meira krefjandi. Börn sem eru að byrja hjá dagmömmu, jafnvel innan við eins árs gömul og börn um 2 ára eiga mjög lítið sameiginlegt, og það kemur niður á þeim. Það verður að fara að gera einhvern skurk í leikskólamálum á Akureyri, skólabænum sjálfum.

Athugsemdir er vörðuðu dagforeldra og samskipti við þá snéru að því að það vantaði meiri sveigjanleika í vistunartíma svo og árekstra.

Það þyrfti að vera eitthvað í boði fyrir foreldra að gera þegar dagforeldrar/leikskólar loka yfir sumarið, sérstaklega þar sem sumir foreldrar eru í skóla og sækja þá sumarvinnu og geta því ekki séð af 4-5 vikum í fríi frá henni.

Okkur fannst við ekki hafa mikið val þegar við vorum að leita að dagmömmu þar sem langflestar sem voru með laust pláss voru bara að vinna til 2 á daginn.

Gjaldskrá fyrir fjölbura/systkini hjá dagforeldrum er athugaverð. Fjölskylda á lágmarkslaunum getur ekki framfleytt sér eftir að hafa borgað daggæslu fyrir fjölbura. Það er gefin 50% afsláttur af vistunarhluta gjaldsins fyrir annan fjölburann. Þetta er afsláttur upp á 7-8000 kr. sem er afar lítill afsláttur þegar heildargjaldið er rétt undir 100.000kr.

Hefur aldrei verið athugað að koma á skynsamlegu afleysingakerfi meðal dagforeldra td. þegar veikindi koma upp?

Leiðinlegt þegar dagmóðir biður um persónulegt frí (ekki veikindi) og mínusar það ekki einu sinni af launum sínum þegar ég er búin að lesa mér um að hún eigi að gera það.....

Mitt dagforeldri hefur ákveðið án samráðs við mig að taka 7 virka daga í frí (utanlandsferð) utan hefðbundins sumarleyfistíma. Að könnuðu máli hef ég komist að því að hún á fullan rétt á því að taka slíka ákvörðun. Mér finnst mjög óeðlilegt að sjálfstætt starfandi aðilar á þessu sviði (sem dagforeldrar eru) skulu ekki lúta sömu reglum og dagvistunaraðilar á vegum sveitarfélagsins þegar kemur að skipulagningu sumarfrís og annarra leyfa (t.d. jólafrí)

Ósátt við að dagforeldri misnoti aðstöðu sína og vanþekkingu foreldra, t.d. með að biðja þau að skrifa niður á blað hvort foreldrar þurfi nauðsynlega á gæslu að halda milli jóla og nýárs og hvaða daga foreldri geti þá haft barnið heima við, og noti svo blaðið og segi að foreldrar hafi verið að biðja um frí svo dagforeldri fái full laun.

Alger ósveigjanleiki hjá dagforeldri sem endaði með því að ég sagði upp plássinu. Fannst því erfitt að svara hvernig hafi gengið að greiða úr þeim málum, ég vildi ekki hafa barnið mitt þar lengur heldur frekar enda þetta á góðum nótum og láta hann hætta. Eftir að ég tilkynnit henni að ég hafði haft samband við Sesselju hjá Akureyrarbæ fannst mér viðmót hennar breytast og hún óánægð með að ég væri að blanda Akureyrarbæ inní málin.

Já það vantar spurningu um hvort það hafi komið upp tilfelli sem ég tel mig þurfa ræða um starfshætti dagforeldris míns, en gerði ekki. Það hafa komið upp tilfelli hjá mér, en gerði ekki, aðallega vegna hættu á að ég vissi ekki hvort foreldrið mundi taka pirring út á mínu barni en ekki mér. EINNIG einu sinni var það þannig að dagforeldið mitt viðurkenndi að það ætlaði að hlaupa út í vonda veðrið á móti barni sínu í skólann á meðan börnin væru sofandi. Óvissan um það hvað er að gerast bakvið lokaðar hurð og engin vitni er óþægileg. Líka óvissan um hvað gerist ef barn þarf að fara á sjúkrahús eða ef það líður yfir dagforeldrið eða hún veikist skyndilega, flogakast eða hvað sem það er, og enginn er til að annast börnin og það gæti orðið í langan tíma er vissulega nóg til þess að ég tel að það ætti að stofna betri kost fyrir ungabörn. af hverju þá að velja dagmömmu ef þetta angrar mann svona mikið, því miður telst það hjá afar fáum kostur að geta verið heima og vilja eignast börn. Og því er eini kosturinn alls ekki nógu traustvekjandi og góður, og ég tala ekki um hvað maður upplifir sig sem óvinsælan starfskraft þegar maður biður um frí svona oft vegna þess að dagforeldrið er veikt eða börnin þess og svo maður sjálfur og svo mín börn. Fyrirtækinu er varla orðið statt að hafa mig sem starfsmann, kannski ýkt dæmi, en samt sem áður alls ekki nógu gott. margt jákvætt eins og heimilið sem þau fá að vera inn á, og rólegheit og nána gæslu, en gallarnir eru samt eitthvað sem eru svolítið fastir í mér.

Mér finnst að Akureyrarbær eigi að niðurgreiða vistun frá 9 mánaða aldri en ekki 1 árs. Þar sem núverandi reglur passar ekki við fæðingarorlof.

Aðstaða hjá dagmömmunni mjög góð fyrir utan að þar er mikill gólfkuldi og þarf ég því að hafa barnið mitt í ullarsokkum meðan það er þar.

Mér finnst að fulltrúi skóladeildar megi vera duglegri að koma í óvæntar heimsóknir til dagforeldra til að taka út aðstöðuna hjá þeim t.d hvar börnin sofa ef veðrið er slæmt, hvort þau séu í bílskúrum sem notaðir eru mikið fyrir bíla eða séu inní íbúð...

Mér finnst vanta myndir við nöfnin þegar maður er að skoða dagforeldra inná síðunni. *Svo væri ég mikið til í að hafa ungbarnaleikskóla. *Væri til í að kanna hvort hægt væri að vera með vistun yfir sumartímann inní skólunum fyrir krakkana sem eru að fara að byrja í skólanum, þá losna pláss fyrr til að hægt sé að koma börnum inn fyrr í leikskólana

Samantekt

Megintilgangur þessarar könnunar er að leita svara við því hvernig daggæsla í heimahúsum á Akureyri uppfyllir ákvæði reglugerðar og hver afstaða foreldra er til þjónustunnar? Spurningum var beint til foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra á Akureyri og upplýsinga aflað um viðhorf þeirra til þjónustunnar og umsýslu bæjaryfirvalda með daggæslunni. Í meginatriðum virðist vel staðið að daggæslukerfinu af hálfu Akureyrarbæjar. Skóladeild bæjarins heldur úti vef um daggæslu í heimahúsum. Þar eru að finna upplýsingar til foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra eða hyggjast nýta sér. Ekki verður annað séð af niðurstöðum en að foreldrar nýti sér þessar upplýsingar. Þannig hefur helmingur foreldra leitað upplýsinga frá skóladeild eða af vef skóladeildar um dagforeldra þegar þeir stóðu frammi fyrir því að velja um dagforeldri. Á sama hátt má sjá af niðurstöðum að yfir 80% foreldra hefur nýtt sér upplýsingar af vef skóladeildar um dagforeldra. Niðurstöður benda einnig til þess að almennt finnist foreldrum upplýsingarnar ítarlegar.

Af svörum foreldra þá virðist ábendingum, sem komið er á framfæri af hálfu skóladeildar um daggæslu í heimahúsum (skóladeild, e.d.), fylgt ýmist að frumkvæði dagforeldranna sjálfra eða að foreldrar leiti eftir því. Í fast að 80% tilfella gera foreldrar samning við dagforeldri og halda eftir afriti af samningnum. Um tveir þriðju foreldra kannaði starfsleyfi dagforeldris áður en til samninga var gengið en á það er lögð áhersla af hálfu skóladeildar. Þá má einnig sjá að langflestir foreldranna kváðust vita hvert ætti að leita ef þeir hafa athugasemdir við þjónustu dagforeldris. Hins vegar voru langflestir sem svöruðu því til að þeir hefðu ekki komið á framfæri athugasemdum. Tíu foreldrar sögðu að ágreiningur hefði orðið við dagforeldra en í langflestum tilfellum tókst að greiða vel úr þeim málum. Segir það nokkra sögu um ánægju foreldra með þjónustu dagforeldra.

Almennt virðast foreldrar mjög ánægðir með þjónustu dagforeldra og kemur það glögglega fram í athugasemdum sem fólk skrifaði þegar spurt var um hvað það væri sem þeir væru ánægðastir með í þjónustu dagforeldra. Þættir sem vekja mesta ánægju er framkoma dagforeldris og hvernig tekið er á móti barninu að morgni. Aðrir þættir sem einnig mikil ánægja er með er fæðið sem börnunum stendur til boða, samskipti foreldra við dagforeldrið og aðlögun barnsins. Almennt segja foreldrar að dagforeldrar leggi sig fram um að koma til móts við þarfir og væntingar þeirra. Þessi niðurstaða er athyglisverð í því ljósi að þeir þættir sem foreldrar segja ráði mestu við val þeirra á dagforeldri eru viðmót og persónuleiki dagforeldrisins svo og orðspor. Þetta eru jafnframt þeir þættir sem foreldrar eru ánægðastir með sem segir nokkra sögu um viðhorf foreldra til dagforeldra barna sinna.

Forföll hjá dagforeldri geta verið nokkurt áhyggjuefni fyrir foreldra og ekki að ófyrirsynju þar sem almennt er ekki um það að ræða að dagforeldri hafi staðgengil fyrir sig enda það fyrirkomulag ekki endilega hagstætt því óvíst er hvernig börnin tækju nýjum starfsmanni. Það getur komið niður á annarri bindingu foreldra, s.s. vinnu eða námi. Í 8,7% tilfella svöruðu foreldrar því til að forföll dagforeldris kæmi sér mjög oft illa fyrir þau. Það er umhugsunarvert að niðurstöður sýna jafnframt að liðlega helmingur þeirra sem svara þessu til segja einnig að þeir hafi ekki verið upplýstir um hvernig greiðslum sé háttað vegna forfalla. Álykta má að dagforeldrar þurfi að standa betur að málum að þessu leyti, hvernig draga megi úr óþægindum af völdum forfalla og að foreldrar séu vel upplýstir um hvernig staðið sé að greiðslum ef til forfalla kemur.

Af niðurstöðum má ráða að afstaða foreldra til þess að velja á milli leikskóla og daggæslu í heimahúsi fyrir barn sitt ræðst mjög af viðhorfi þeirra til þjónustu dagforeldra eða þeirri reynslu sem þeir telja sig hafa af þjónustukaupum af dagforeldri. Í svörum foreldra sem telja sig ekki fá tíma sem henti þeim hjá dagforeldri myndu kjósa leikskóla fyrir börn sín fremur en daggæslu. Hið sama er að segja um þá sem segjast hafa lent í vandræðum vegna forfalla hjá dagforeldri. Þótt langflestir foreldranna segi að tími sá sem þeir hafa hjá dagforeldri henti þeim vel kemur glöggt fram í svörum að foreldrum finnst vanta meiri sveigjanleika í tíma, einkum í upphafi dags og í lok. Erfitt geti reynst að stökkva af stað úr vinnu fyrir kl. 16:00 til að ná í barnið svo og að ekki sé hægt að mæta með barni eilítið fyrir kl. 8:00. Þetta komi niður á vinnutíma. Leikskólinn hafi aukinn sveigjanleika að þessu leyti. Athygli vekur að mun hærra hlutfall foreldra sem þátt tóku í könnuninni nú svara því til að þeir hefðu

kosið að fá vistun á leikskóla fyrir barn sitt í stað daggæslu í heimahúsi, en það gerðu árið 2010. Að þessu sinni kvaðst meirihluti foreldra hefðu kosið leikskóla eða 51%. Árið 2010 var hlutfallið 40% og árið 2009 32%. Það sjónarmið virðist því vera vaxandi að leikskólinn sé heppilegra form en daggæslan. Ef til vill hefur atvinnuþátttaka og þrengingar á vinnumarkaði áhrif hér á. Fólk er hræddara um störf sín, vill síður láta upp á sig standa í vinnu og sveigjanleiki af hverju tagi er e.t.v. minni.

Heimildir

Akureyrarbær. (e.d.). *Daggæsla barna í heimahúsum / verktakaþjónusta undir eftirliti*. Sótt 7. júní 2011 af http://skoladeild.akureyri.is/dagforeldrar/page/spurningar_og_svor
Reglugerð um gæslu í heimahúsum nr. 907/2005.

Fylgiskjal
Spurningalisti

Könnun um viðhorf foreldra til daggæslu yngstu barnanna

1.

1. Hvort foreldrið svarar:

- ○ móðir
- ○ faðir

2. Aldur svaranda:

- ○ yngri en 20 ára
- ○ 20 – 25 ára
- ○ 26 – 30 ára
- ○ 31 árs og eldri

3. Hvar fékkstu upplýsingar um laust pláss hjá dagforeldri? (Merktu við allt sem við á).

- ☐ á skóladeild Akureyrarbæjar
- ☐ á upplýsingavef Akureyrarbæjar
- ☐ heyrði það annars staðar frá t.d. frá vini, kunningja eða fjölskyldumeðlim
- ☐ eldra systkini er/var hjá dagforeldrinu
- ☐ með öðrum hætti

4. Hvaða þættir skiptu þig mestu máli við val á dagforeldri?

- ○ orðspor dagforeldris
- ○ viðmót og persónuleiki dagforeldris
- ○ staðsetning dagforeldris
- ○ vinnutími dagforeldris
- ○ ég hafði ekkert val

annað, hvað?

5. Kannaðir þú hvort dagforeldri væri með gilt starfsleyfi, þegar þú valdir þér dagforeldri?

- ○ já
- ○ nei

6. Heimsóttir þú dagforeldrið til að kanna aðstæður áður en þú staðfestir pláss barnsins hjá því?

- ○ já
- ○ nei

7. Þekktir þú persónulega dagforeldrið sem þú valdir barninu þínu?

- já
- nei

8. Skrifaðir þú undir samning við dagforeldrið þegar barn þitt hóf vistun hjá því (ath. hér er ekki átt við þjónustusamning sem gerður er milli foreldra, dagforeldris og Akureyrarbæjar)?

- já
- nei

9. Ef svarið er já við spurningu 8: Fékkstu afrit af samningnum

- já
- nei

10. Varstu upplýst(ur) um greiðslur vegna frídaga og veikindadaga dagforeldris þegar barnið hóf vistun?

- já
- nei

11. Hefur dagforeldri barnsins þíns leiðbeint þér og kynnt þér reglur og samþykktir sem snúa að daggæslu í heimahúsi?

- já
- nei

12. Ef nei í spurningu 11, hefur þú kynnt þér reglur og samþykktir annarstaðar?

- já
- nei

Ef já, hvar?

13. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með þjónustu dagforeldris barnsins þíns:

- mjög ánægð(ur)
- frekar ánægð(ur)
- frekar óánægð(ur)
- mjög óánægð(ur)
- veit ekki

14. Hvað er það helst sem þú ert sérstaklega ánægð(ur) með í dagvistun barnsins þíns? (Hér má merkja við einn eða fleiri valmöguleika).

- [ ] aðstaða inni
- [ ] aðstaða úti
- [ ] fæði
- [ ] dagskipulag
- [ ] viðfangsefni
- [ ] staðsetning
- [ ] samskipti við foreldra/upplýsingamiðlun
- [ ] framkoma dagforeldris
- [ ] aðlögun barns
- [ ] hvernig tekið er á móti barninu að morgni

annað, hvað?

15. Hversu sammála/ósammála ertu því að dagforeldrið bjóði upp á fjölbreytt fæði?

- ○ mjög sammála
- ○ frekar sammála
- ○ frekar ósammála
- ○ mjög ósammála
- ○ veit ekki

16. Hversu ánægt/óánægt er barnið þitt í daggæslunni?

- ○ mjög ánægt
- ○ ánægt
- ○ óánægt
- ○ mjög óánægt
- ○ veit ekki

17. Hversu vel/illa finnst þér dagforeldri leggja sig fram um að koma til móts við þarfir þínar og væntingar?

- ○ mjög mikið
- ○ frekar mikið
- ○ frekar lítið
- ○ mjög lítið
- ○ veit ekki

18. Hefur komið upp ágreiningur milli þín og dagforeldri barnsins þíns?

- já
- nei

19. Ef já hversu vel/illa gekk að greiða úr þeim málum

- mjög vel
- vel
- illa
- mjög illa
- veit ekki

20. Hafa forföll dagforeldris komið sér illa fyrir þig?

- já, mjög oft
- já, en sjaldan
- nei, aldrei

21. Veist þú hvert þú átt að leita ef þú hefur athugasemdir við þjónustu dagforeldris?

- já
- nei

22. Hefur þú komið á framfæri athugasemd til fjölskyldu- eða skóladeildar Akureyrarbæjar vegna þjónustu dagforeldris sem barnið þitt er hjá?

- já
- nei

23. Veist þú hvernig eftirliti af hálfu skóladeildar með dagforeldrum er háttað?

- já
- nei

24. Ef já, finnst þér eftirlit með störfum dagforeldra vera gott/sæmilegt?

- fullnægjandi
- gott
- sæmilegt
- ófullnægjandi
- veit ekki

25. Hefur þú nýtt þér upplýsingar um dagforeldra á vefsíðu Akureyrarbæjar, akureyri.is?

- já (ef já, svaraðu þá næst spurningu 27 og slepptu spurningu 26).
- nei (ef nei, svaraðu þá næst spurningu 26 en slepptu spurningu 27).

26. Ef nei í spurningu 25, hvers vegna leitaðir þú þér ekki upplýsinga á vefsíðu Akureyrarbæjar?

- vissi ekki af upplýsingunum á vefsíðu Akureyrar
- þægilegra að leita upplýsinga með öðrum hætti
- hef ekki aðgang að tölvu
- á erfitt með að nýta mér upplýsingar á vef.

27. Ef já í spurningu 25, hversu ítarlegar/fábreyttar upplýsingar finnst þér upplýsingasíða á vef Akureyrarbæjar veita um dagforeldra?

- mjög ítarlegar upplýsingar
- ítarlegar upplýsingar
- fábreyttar upplýsingar
- mjög fábreyttar upplýsingar
- get ekki lagt mat á

28. Hversu vel/illa henta þér þeir tímar sem þú kaupir af dagforeldri?

- mjög vel
- vel
- ekki nógu vel
- mjög illa

Ef svarið er ekki nógu vel eða mjög illa ,skýrðu þá af hverju tímarnir henta þér ekki vel?

29. Hefðir þú kosið að koma barninu þínu í leikskóla fremur en til dagforeldris hefði það staðið til boða?

- já
- nei

30. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt myndir þú vilja eiga þess kost að heimsækja leikskólann, sem þú hyggst velja, áður en þú sækir um?

- já
- nei

31. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt hversu miklu/litlu máli finnst þér það skipta þig að leikskólinn sé nálægt heimili barnsins?

- mjög miklu máli
- miklu máli
- litlu máli
- mjög litlu máli
- veit ekki

32. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt hversu mikið/lítið telur þú að stefna og starfshættir leikskólans muni hafa áhrif á val þitt?

- mjög mikil áhrif
- mikil áhrif
- lítil áhrif
- mjög lítil áhrif
- veit ekki

33. Þegar kemur að því að velja leikskóla fyrir barnið þitt hversu miklu máli telur þú að orðspor leikskólans muni skipta við val þitt?

- mjög miklu máli
- miklu máli
- litlu máli
- mjög litlu máli
- veit ekki

34. Annað sem þú vilt koma á framfæri: